

# Almennar neytandaupplýsingar (fyrir Future Pension)

Eftirfarandi upplýsingar veita skýrar og auðskiljanlegar upplýsingar um auðkenni váttryggjanda og helstu efnisatriði tryggingarsamningsins. Upplýsingarnar eru ekki tæmandi.

## Upplýsingar um váttryggjanda

### (1) Upplýsingar um váttryggjanda og formlega fyrisvarsmenn hans

Váttryggjandi er VPV Lebensversicherungs-AG, héðan í frá vísað til sem VPV. VPV er hlutafélag með lögheimili í Stuttgart á eftirfarandi heimilisfangi:

VPV Lebensversicherungs-AG  
Mittlerer Pfad 19  
70499 Stuttgart  
Germany

eða

PO Box 31 17 55  
70477 Stuttgart  
Germany

Tölvupóstfang: info@vpv.de

### Framkvæmdastjórn

Klaus Brenner, formaður  
Steffen Guttenbacher  
Dietmar Stumböck

VPV er skráð í fyrirtækjaskrá héraðsdómstóls Stuttgart undir skráningarnúmerinu HRB 15 279.

### (2) Meginstarfsemi

Meginstarfsemi fyrirtækisins er bein og óbein líftryggingarstarfsemi í öllum sínum myndum ásamt tengdum váttryggingum auk fjárfestingarstarfsemi, eftirlaunaviðskipti og stjórnun lífeyrisstofnana í Þýskalandi. Váttryggjanda er einnig heimilt að eiga eignarhluti í öðrum váttryggingafélögum.

### Gildandi eftirlitsaðili

VPV Lebensversicherungs-AG lýtur eftirliti

Fjármálaeftirlits sambandslýðveldisins Þýskalands  
(Federal Financial Supervisory Authority (BaFin))  
Graurheindorfer Str. 108  
53117 Bonn  
Germany

eða

P.O. Box 12 53  
53002 Bonn  
Germany

### (3) Ábyrgðarsjóður

Protektor Protection Fund for Life Insurers Wilhelmstr.  
43 G  
10117 Berlin

Samkvæmt þýsku lögnum um eftirlit með váttryggingarstarfsemi (VAG) og ákvæðum í lögum um fjármögnun og tryggingarsjóð váttryggingafélaga (SichLVFinV) erum við sem líftryggingarfyrirtæki skuldbundin til að vera meðlimur í opinberum ábyrgðarsjóð.

Protektor er stofnun sem tryggir kröfur tryggðra einstaklinga í tilfalli þess að tryggingafélag verður ógjaldfært.

## Upplýsingar um veitta þjónustu

### (4) Lykilatriði veittra tryggingaréttinda

(a) Samningssambandið milli þín og okkar byggir á tryggingarumsókn, tryggingaskírteini og öllum viðaukum við tryggingarskírteinið, almennum tryggingarskilmála þ.m.t. gjaldskrá sem við á um tryggingu þína, allt sem verður afhent þér áður en þú leggur inn umsókn þína en í síðasta lagi sem viðhengi við tryggingarskírteini þitt. Ennfremur, ef samþykkt er, gildir viðbótarsamkomulag um VPV Future Pension.

(b) Vinsamlega kynntu þér tryggingaumsóknina, tryggingatilboðið, tryggingaskírteinið, almennum tryggingaskilmálana og ef samþykkt er, viðbótarsamkomulagið við VPV Future Pension til að fá upplýsingar um tegund, umfang og gjalddaga greiðslna frá okkur.

### (5) Upplýsingar um tryggingariðgjald

Fjárhæð tryggingariðgjaldsins fer eftir réttindum sem óskað er eftir. Vinsamlega kynntu þér tryggingatilboðsskjalid fyrir fjárhæð þess iðgjalds sem skal greiða á samþykktu iðgjaldsgreiðslutímabili.

### (6) Önnur gjöld og kostnaður

Þú getur kynnt þér kostnað við samning þinn í tryggingatilboðsskjalinu eða í lykilupplýsingaskjali. Í tryggingatilboðsskjalinu er að finna hugsanlegan aukakostnað sem við getum gjaldfært.

Við gjaldfærum ekki aukalegan kostnað fyrir úrvinnslu tryggingaumsókna eða notkun fjarsamskipta. Milliaðilum s.s. váttryggingamiðlurum er ekki heimilt að innheimta hjá þér sérstakan kostnað eða gjöld fyrir að meðhöndla umsóknina. Ef hluti samnings, vinsamlega kynntu þér ákvæði viðbótarsamkomulags við VPV Future Pension fyrir hugsanlegan aukakostnað eða gjöld.

### (7) Upplýsingar um greiðslu iðgjalda

Iðgjöld ber að greiða á tilgreindum gjalddögum. Þetta er tiltekið í tryggingarskírteini. Iðgjöld eru greidd mánaðarlega. Í samræmi við það samkomulag sem gert er, greiðir þú iðgjaldið með millifærslu frá bankareikning eða með beingreiðslu. Vinsamlega kynntu þér tryggingarskírteinið fyrir frekari upplýsingar. Vinsamlega kynntu þér líka ákvæði viðbótarsamkomulags við VPV Future Pension um iðgjaldsgreiðslur, ef það skal gilda. Tryggingaverndin byrjar þegar tryggingin er samþykkt en þó ekki fyrir þá dagsetningu sem þú hefur samþykkt og er tiltekin í tryggingarskírteini. Engu að síður, ef þú hefur ekki greitt fyrsta iðgjald, eða eingreiðsluiðgjald tímanlega, getum við rift samningnum og tryggingaverndin fellur niður með afturvirkum hætti.

### (8) Tímabil gilds tryggingartilboðs

Tryggingartilboð er gilt fram að þeirri upphafsdagsetningu tryggingar sem er tilgreint í tilboðinu. Tilboðið er gilt á meðan gjaldskrá tryggingar er gild.

**(9) Sérstakir eiginleikar tryggingar**

Eins og með margar lífeyristryggingar þá áttu rétt til ágóðahlutdeilar í samræmi við samninginn. Fjárhæð slíkrar hlutdeildar fer eftir nokkrum þáttum s.s. dánarlíkum, þróun kostnaðar en sérstaklega þó fjárfestingartekjum. Þróun þessara þátta er ekki hægt að spá fyrir um og við getum bara haft takmörkuð áhrif á þá. Fjárhæð ágóðahlutdeildar í framtíðinni er því ekki hægt að tryggja.

Vinsamlega athugaðu að einingatangdar líftryggingar eru sérstaklega háðar áhættu og sveiflum verðbréfamarkaða sem við höfum ekkert vald á. Sérstaklega minnum við á að fjárfestingarárangur fortíðar getur ekki verið notaður sem vísbending um fjárfestingarárangur framtíðar.

**Upplýsingar um samninginn****(10) Gildistaka tryggingasamningsins**

Gildistaka tryggingarsamnings krefst fyrirvaralausrar viljayfirlýsingar tveggja aðila. Tryggingarsamningurinn tekur því gildi þegar þú sendir til okkur viljayfirlýsingu þína (þ.e. í formi útfylltrar tryggingaumsóknar) og þegar við sendum þér samþykki okkar í formi tryggingarskírteinis, nema að þú nýtir þér iðrunarrétt þinn (nánari upplýsingar um iðrunarrétt er í 11. lið) það er engin bindandi umsóknarfrestur til staðar.

Tryggingavernd þín byrjar þegar samningurinn tekur gildi en þó ekki fyrr en á dagsetningu sem þú hefur samþykkt og er tiltekin á tryggingarskírteini. Hins vegar, veitum við engin réttindi ef að fyrsta iðgjald er ekki greitt innan réttis tímafrests (sjá almenna tryggingarskilmálanum). Vinsamlega kynntu þér einnig samningsákvæði sérstaka samkomulagsins við VPV Future Pension um iðgjaldsgreiðslur, ef það samkomulag skal gilda. Trygging er gild út samþykkt tryggingartímabil sem tilgreint er á tryggingarskírteini.

**(11) Réttur til uppsagnar**

**Þú getur sagt upp tryggingarsamning þínum. Frekari upplýsingar um uppsagnarrétt er að finna í samningsákvæðum sem gilda um uppsögn. Þú finnur þau í almenna tryggingarskilmálanum, skjalinu “beiðni um tryggingatíloboð” og tryggingarskírteini.**

**(12) Upplýsingar um tryggingatímabil**

Vinsamlega kynntu þér skjalið “beiðni um tryggingatíloboð” eða “umsóknarskjalið” fyrir upplýsingar um tryggingatímabilið. Það er líka tilgreint í vátryggingarskírteini.

**(13) Samningsbundin uppsagnarréttur**

Sem tryggingartaki hefur þú rétt til þess að segja upp tryggingu þinn með skriflegum hætti í enda samningstíma. Í samræmi við gr. 169 þýsku vátryggingasamningalaganna ber okkur að greiða samningseign, ef hún er til staðar, við uppsögn að því gefnu að ekki séu sérákvæði tengd gjaldskrá sem hindri það.

Viðbótarsamkomulagið við VPV Future Pension getur líka innifalið breyttar uppsagnarreglur.

Vinsamlega kynntu þér frekari upplýsingar um tilgreiningu samningseignar og uppsagnarrétt í skilmálum tryggingar þinnar og í tryggingarskírteini.

**(14) Lög sem gilda um samninginn**

Lög Sambandslýðveldisins Þýskalands gilda um samningsgerð tryggingarinnar og um tryggingarsamninginn. Vinsamlega kynntu þér almenna tryggingaskilmálanum sem gildir um tryggingarsamninginn þinn hvað varðar réttan dómstól til þess að fjalla um ágreining milli aðila. Viðbótarákvæði geta verið í viðbótarsamkomulaginu um VPV

á samningstíma verða á þýsku. Viðótarákvæði hvað þetta varðar geta verið í viðbótarsamkomulaginu við VPV Future Pension.

**Aðrar upplýsingar****(16) Upplýsingar á lagalegum úrræðum**

Í tilfelli kvörtunar, getur þú haft samband við vátryggingaumboðsmann (Insurance Ombudsman), viðeigandi fjármálaeftirlit eða beint við VPV Lebensversicherungs-AG. Frekari upplýsingar um þessi úrræði eru í almenna tryggingarskilmálanum. Þú hefur líka rétt til hefðbundinna réttarúrræða.

**(17) Aðrar upplýsingar samkvæmt 2.gr. VVG-InfoV**

Upplýsingar um fjárhæð greiðslna í tilfelli innlausnar eða þegar iðgjaldsgreiðslur hætta, kostnaður við samning þinn, ágóðahlutdeild, tryggingu réttinda, upplýsingar um sjálfbærni, í tilfelli einingatangdrar lífeyristryggingar, upplýsingar um undirliggjandi verðbréfasjóði og verðmæti þeirra sem og upplýsingar um skattaumhverfi er að finna í umsóknarskjalinu, tryggingarskírteininu, lykilupplýsingaskjali, og í almennum og sértækum skilmálum sem gilda um tryggingu þína. Almennar upplýsingar um skattareglur sem gilda um tryggingu þína er að finna í skjalinu skattaupplýsingar.

Þetta skjal var upphaflega skrifað á þýsku. Íslenska þýðing er ætluð fyrir gagnsæi og upplýsingar. Ef einhver munur er á milli þýska textans og íslensku þýðingarinnar, skal þýski textinn gilda.

Dieses Dokument wurde in deutscher Sprache verfasst. Die isländische Übersetzung dient der Transparenz und Information. Bei Abweichungen zwischen dem deutschen und dem isländischen Text ist der deutsche Text maßgebend.